

lands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1970.

Nr. 189/1969. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h.
Þrotabús Friðriks Jörgensens og
Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck borgarfégeti hefur framkvæmt hina áfrýjuðu dómsathöfn.

Áfrýjandi hefur með stefnu 23. október 1969 skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila höfðun máls til riftunar viðskiptasamnings. Kærumáli milli sömu aðilja um sama efni var vísað frá Hæstarétti hinn 26. september 1969. Áfrýjunarheimild 36. gr. laga nr. 57/1962 er því skilyrði háð, að frávisuðu máli hafi áður verið áfrýjað innan lögmæltis áfrýjunarfrests, en heimildin tekur ekki til málskots með kæru. Samkvæmt 2. mgr. 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878 er áfrýjunarfrestur 12 vikur. Þessi frestur var liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Afrýjandi, Fiskimjölsværksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði stefndu, Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 5. febrúar, var skiptaréttur Reykjavíkur settur í skrifstofu borgarfógetaembættisins að Skólavörðustíg 12 og haldinn af borgarfógeta Unnsteini Beck ásamt neðanrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns um höfðun riftunarmáls á hendur Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, sem fram kom á skiptafundi í þrotabúi Friðriks Jörgensens h/f hinn 20. janúar s.l.

Atkvæðagreiðslur um málshöfðun þá, sem að framan getur, hafa farið svo, að tillögur um málshöfðun hafa yfirleitt ekki sætt andmælum frá öðrum en þeim málflytjanda, sem m. a. fer með umboð væntanlegs varnaraðilja í málinu. Með því að svo virðist sem höfðun riftunarmáls á þeim grundvelli, sem lagður er fyrir í tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, hafi ekki í för með sér verulega hættu á útgjöldum fyrir búíð og þar sem riftunarmál gæti leitt til þess, að búinu bætist fjármunir til skiptingar milli almennra kröfuhafa í búinu, þar á meðal þeirra, sem óskað hafa heimildar til málshöfðunar f. h. búsins, þykir skiptaráðanda rétt að veita heimild til margnefndrar málshöfðunar.

Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens dómsmál til riftunar á samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsværksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og að gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja.